

## Fundargerð Háskólaráðs 3. mars 2016

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Auður H Ingólfisdóttir fulltrúi kennara, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema, Stefán Freyr Benónýsson fulltrúi Háskólagáttarnema, Elís Bergur Sigurbjörnsson fulltrúi grunnema, Soffía Þorleifsdóttir varafulltrúi meistarana og Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu.

**Fjarverandi:** Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Gauti Skúlason fulltrúi grunnema, Einar Svansson fulltrúi kennara og Hallur Jónasson fulltrúi meistarana.

**Áheyrnarfulltrúar:** Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar 4. febrúar 2016**

Samþykkt.

**2. Fjármál**

Fjármálastjóri kynnir að unnið er að gerð ársreiknings fyrir árið 2015 og er sú vinna langt komin.

**3. Staða mála við Íbúðalánasjóð**

Fjármálastjóri gerir grein fyrir tillögum sem Íbúðalánasjóður lagði fram nýlega á fundi með rektor og fjármálastjóra. Tillaga um afskriftir hefur verið samþykkt í stjórn sjóðsins og er í frekari meðferð. Rektor mun leggja ákvarðanir um næstu skref af hendi skólans í þessu máli fyrir stjórn skólans á næsta fundi hennar.

**4. Öflun nýrra nemenda, umsóknir, innritanir**

Háskóladagurinn er 5. mars nk., sjónvarpsauglýsingar frá skólanum fara í gang í framhaldi af honum. Framhaldsskólar verða heimsóttir í vor að vanda. Bent er á að brýnt er að gæta vel að aðstöðu í Jakabóli og kynningu á henni á heimasíðu skólans.

**5. Gæðamál**

Gæðastjóri kynnir stuttlega skýrslu gæðaráðs frá því í febrúar en hún er viðbragð ráðsins við viðbótarskýrslu skólans frá því í nóvember. Gæðaráðið mun fylgja eftir þeim atriðum sem fram koma í skýrslunni. Skólinn stendur sterkari eftir að uppfærsla á matinu kom fram.

Gæðastjóri kynnir að framundan er úttekt á umgjörð rannsókna, en ekki liggur fyrir hvenær slík úttekt verði gerð í HB.

## 6. Tölfræði

Kennslustjóri kynnir útkomu kennslumats úr lotu1 á vorönn 2016. Útkoman er almennt mjög góð, en vegið meðaltal kennara og námskeið er 4,21 af 5 mögulegum. Ánægja með útkomuna meðal fulltrúa í ráðinu.

## 7. Lögreglunámið

Rektor kynnir að málið er nú á borði innanríkisráðherra. Frumvarpið er í umsagnarferli á vef innanríkisráðuneytisins.

## 8. Stefnumörkun menntamálaráðuneytis í háskólamálum

Rektor er fulltrúi skólans í stefnumörkunarvinnu menntamálaráðuneytisins í háskólamálum. M.a. er verið að skoða breytingar á viðmiðum um útreikning á fjárframlagi til skólanna. Rektor telur jákvæð viðhorf ríkjandi til skólans.

## 9. Hugarflugsfundur 14. mars nk.

Rektor kynnir dagskrá fundarins, sem er upptaktur að stefnumörkun sem unnið er að á haustin innan skólans. Margir með stutt innlegg, fjalla á um; sóknarsvið 2017 – 2020, rannsóknir, gæðamál, stjórnskipulag skólans, stefna skólans frá 2012 og sviðsmyndagreining. Umræður í hópum eftir hádegis. Rektor hefur boðið nemendum að tilnefna 10 – 20 nemendur til að taka þátt í fundinum.

Unnar Steinn Bjarndal, víkur af fundi.

## 10. Aðalfundur skólans 10. maí nk. – tilnefning í stjórn og fulltrúaráð

Aðalfundur skólans verður 10. maí nk.

Ingibjörg Ingvadóttir fulltrúi háskólaráðs í stjórn skólans sem hefur lokið kjörtímabili sínu hyggst ekki sækjast eftir endurkjöri. Varamaður hennar er Páll Rafnar Þorsteinsson. Velja þarf annan aðalfulltrúa á næsta fundi.

Í fulltrúaráðið eru fulltrúar valdir til 3ja ára, frá háskólaráði er tímabil Sigrúnar Lilju Einarsdóttur aðalmanns og Helga Kristínar Auðunsdóttur varamanns að renna út.

## 11. Önnur mál

- Tilnefning frá nemendum í siðanefnd, frestað frá síðasta fundi. Jónas Halldór Sigurðsson verður fulltrúi nemenda í nefndinni.
- Aðstoðarrektor kynnir að það eru komnar 30 umsóknir frá 10 löndum um alþjóðlega sumarskólann.
- Dagskrá skólaársins 2016 – 2017, kennslustjóri kynnir lokadrög að dagskrá næsta skólaárs sem verður birt á morgun á heimasíðu skólans. Móttaka nýnema verður 18. og 19. ágúst nk.

Anna Elísabet Ólafsdóttir og Sigrún Jónsdóttir viku af fundi. Rektor tók við fundarritun.

## 12. Nemendaerindi - trúnaðarmál

Fundi slitið kl. 17.00

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, kennslustjóri